

Fundur í stjórn Barmahlíðar föstudaginn 30. október 2009 kl. 14:00.
Fundarstaður fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Rebekka Eiríksdóttir, Hrefna Hugósdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Guðmundur Ólafsson slökkviliðsstjóri, Guðmundur Bergsson frá Eldstöðun ehf, Ingvar Samúelsson öryggistrúnaðarmaður Barmahlíðar, Þuríður Stefánsdóttir og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Rebekka bauð menn velkomna og setti fundinn.

Dagskrá.

1. Eldvarnarmál í Barmahlíð.

Skýrsla eldvarnareftirlits nr. 7078 tekin til umræðu og vísað í samþykkt 291. fundar hreppsnefndar, liður 1 í mál til afgreiðslu. Ákveðið að kaupa stálhurðir til hólfunar neðri hæðar. Kaupa þarf fimm þannig eldvarnarhurðir. Egill telur nægjanlegt að setja timburhurði í stað stálhurða þar sem timburhurðir uppfylla fyrirbyggjandi kröfur. Mæla þarf hurðargöt og finna út stærðarþörf hurðanna, fá tilboð og panta hurðirnar. Agli og Ingvari falið verkið.

Guðmundur Ólafsson og Guðmundur Bergsson yfirgefa fundinn kl. 15:30.

2. Sjálfopnandi útihurðir.

Ákveðið að panta hurðirnar í næstu viku.

Ingvar Samúelsson yfirgaf fundinn kl. 15:50.

Stefnt skal að því að hurðirnar verði komnar upp fyrir 1. des. 2009.

3. Lagfæring á skjólvegg við norðurinngang. Fjarlægja tréverkið og setja plexigler í staðin setja hlið á svalir, setja stoðir undir norðursvalir. Ákveðið að leggja til að þessi verk verði sett á fjárhagsáætlun 2010.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30.

Rebekka Eiríksdóttir (sign)
Hrefna Hugósdóttir (sign)
Gústaf Jökull Ólafsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Þuríður Stefánsdóttir (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)